

**Nd.**

**72. Frumvarp**

til laga um einkasölu á útfluttri sild.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir fyrir hönd ríkissjóðs sölu og útflutning á allri þeirri sild, sem útflutningshæf telst og veidd er hjer við land og verkuð er í landi eða landhelgi.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning sildar og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending sildar til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði sildarinnar, og skal draga þann kostnað frá áður en eigendum er greitt andvirði vörunnar.

4. gr.

2% af söluverði sildar skulu renna í rikissjóð, enda greiðist ekki neitt annað sjerstakt útflutningsgjald af sild. Af tekjum þeim, sem rikissjóður þannig fær af söluverði sildar, má verja allt að 50% til að leita uppi nýjan markað fyrir sild og til tilrauna í þessu skyni.

5. gr.

Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði útfluttrar og seldrar sildar í íslenskum peningum, þótt andvirði vörunnar sje greitt í erlendri mynt.

6. gr.

Andvirði seldrar sildar afhendir ríkisstjórnin eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur ríkisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vöru- tegund frá sama framleiðslutímabili.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða allt að 50 þúsund króna sektum, er renna í rikissjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög þau eða lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. júlí 1925.

### Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi og var þá felt. 1923 var það einnig borið fram, en varð þá eigi útrætt. Frv. fylgdi þá svo látandi greinargerð:

»Sildarútvegurinn er orðinn það stór þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, að ekki verður lengur gengið fram hjá því skipulagsleysi, sem ríkt hefir í þeim atvinnuvegi síðan 1919, sjerstaklega að því er sölu sildarinnar snertir. Þetta hefir sildarútvegsmönnum sjálfum líka verið ljóst, því að 1921 leituðu þeir aðstoðar löggjafarvaldsins til þess að koma skipulagi á þennan atvinnuveg. Þingið tók að visu vel í þetta mál, en nokkur mistök urðu á afgreiðslu þess fyrir þá sök, að málið var svo seint á ferðinni í þinginu, að afgreiðsla þess varð nokkuð flauturskend.

Með þessu frv. er það trygt, að hægt er að hafa fult skipulag á framboði og sölu sildarinnar erlendis. Þegar öll sildin, sem veiðist, er á einni hendi, er hægt að haga sölunni þannig, að ekki verði boðið fram meira í einu en mark-

aðurinn þolir. En annað enn mikilsverðara í frv. er þó það, að ríkisstjórnin hefir til umráða fje til þess að finna nýja markaði og gera tilraunir í þá átt. Þetta mundi verða ofvaxið þeim einstaklingum, sem nú reka sildarsöluna. Atvinnuvegurinn er, eins og nú stendur, of mikið áhættuspil til þess, að þeir geti ráðist í að gera kostnaðarsamar tilraunir til að finna nýja markaði. En ríkinu er þetta alt auðveldara. Það getur valið úr starfskröftum til að vinna að þessu. Og það getur fyrir milligöngu fulltrúa sinna erlendis notið ívilnana, sem einstaklingar verða ekki aðnjótandi.

Nokkuð hefir verið um það rætt, að þörf muni vera á að takmarka veiði á sild. Í frv. er ekki gert ráð fyrir þessu. Á hitt verður að leggja aðaláhersluna, að koma skipulagi á söluna og vinna nýjan markað fyrir sildina. Telji þingið þetta nú samt sem áður nauðsynlegt, mætti bæta ákvæði um þetta inn í frv., ef hægt er að finna færa leið til að koma slíkri takmörkun í framkvæmd.

#### Um 1. gr.

Einkasalan tekur fyrst og fremst til allrar þeirrar sildar, sem söltuð er í tunnur á venjulegan hátt og ætluð er til útflutnings, en lögin ná einnig til sildar, sem kann að vera öðruvísi tilreidd. Um það, hvort sild skuli talin útflutningshæf eða ekki, ráða að sjálfsgöðu sildarmatslögin. En þar sem þau ná ekki til, verður ríkisstjórnin eða umboðsmaður hennar að skera úr.

#### Um 2. gr.

Ríkisstjórnin verður að hafa viðtækar heimildir til þess að geta skipað fyrir um alt, sem snertir afhending sildar til útflutnings, skyldu eigenda til að geyma sildina o. s. frv.

#### Um 3. og 4. gr.

Kaup þeirra manna, er ríkisstjórnin skipar til að hafa söluna á hendi, svo og skrifstofukostnaður þeirra, telst og með kostnaði við sölu og útflutning sildar. En auk þess renna 2% af söluverðinu í rikissjóð. Og má verja, og ætti að verja, helmingi þess fjár til að leita nýs markaðs fyrir íslenska sild, þar til lítil eða engin hætta er orðin á því, að við getum ekki selt alla þá sild fyrir viðunandi verð, sem landsmenn geta veitt. Sildarútflutningsgjaldið, sem nú er 1 kr. 50 a. á hverja sildartunnu, fellur niður, ef frv. verður samþykkt.

5.—8. gr. virðast ekki þurfa skýringar við.

#### Um 9. gr.

Lögunum er ætlað að ganga í gildi 1. júlí 1925, og kæmu þau þá þegar í framkvæmd á komandi sumri.